

BORGARRÁÐ 24. janúar 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um breytingu á fyrirkomulagi við svörun fyrirspurna - R18060129

Lagt er til og þess eiginlega krafist að vikið verði umsvifalaust frá þeirri einhliða ákvörðun meirihlutans að setja mörg svör/mál, jafnvel frá fleiri en einum flokki minnihlutans í eitt skjal hvort heldur í dagskrá eða í fundargerð. Í titli skjalsins kemur ekki fram hvaða svör eru í skjalinu sem getur verið tugir blaðsíðna. Sé ætlunin að leita að einu svari eða máli þarf viðkomandi í fyrsta lagi að vita að það er í skjalinu og síðan leita að því í margra blaðsíðna skjali. Þetta er ekki vinnandi vegur. Sé það ætlun meirihlutans að þvinga þessa breytingu fram er verið að draga úr sýnileik þeirra mála sem minnihlutinn leggur fram í borginni með markvissum og kerfisbundnum hætti og er það gert ekki einungis í óþökk heldur einnig án samþykkis minnihlutans. Hér er einnig verið að brjóta á rétti borgarbúa hvað varðar aðgengi og gegnsæi. Fyrir þá borgarbúa sem fylgjast með afgreiðslu mála í fundargerðum er nánast ókleyft að finna í fljótu bragði eitthvað ákveðið svar í stóru skjali. Á það skal minnt að nýr flokkur í borgarstjórn hefur lofað borgarbúum auknum sýnileika og auðveldara aðgengi að máefnum borgarinnar en með þessari einhliða breytingu í óþökk minnihlutans er verið að brjóta það loforð.